

Hr. Gunnar Bragi Sveinsson  
Utanríkisráðherra  
Utanríkisráðuneytið  
Reykjavík

12. september 2015

Ágæti ráðherra,

Annar fundur samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu var haldinn í utanríkisráðuneytinu hinn 15. apríl síðastliðinn.

Hófst fundurinn á því að rifjað var upp að á sérstökum fundi utanríkisráðherra með samstarfsráðinu sl. haust, fékk ráðið kynningu frá Þóri Guðmundssyni á niðurstöðum úttektar sinnar á skipulagi þróunarsamvinnu, friðargæslu og mannúðar- og neyðaraðstoð. Utanríkisráðherra hafi tilkynnt ráðinu að hann hygðist fara eftir tillögu Þóris og leggja fram frumvarp um samruna þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins og ÞSSI.

Þessu næst var útskýrt að á dagskrá fundarins væri aðeins eitt, stórt mál: Drög að þingsályktunartillögu um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2016-2019. Undir dagskrárliðnum „önnur mál“ yrði þó farið yfir það sem efst væri á baugi í þróunarsamvinnumálum hér heima og á alþjóðavettvangi. Fundardagskráin var samþykkt. Þá kom fram að kom að frásögn sérstaka fundarins á undan lægi því miður ekki fyrir. Orsakir lægju m.a. í fríum starfsmanna og undirmönnunar á skrifstofunni, en henni yrði komið til ráðsmanna við fyrsta tækifæri.

Á fundinum voru lögð fram ný drög að áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2016-2020. María Erla Mareldóttir skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, kynnti drögin. Að kynningu lokinni var opnað fyrir athugasemdir og fyrirspurnir. Fram kom að þar sem ekki var hægt að senda ráðsmönnum drögin fyrirfram, væri þeim boðið upp á að senda inn ábendingar þar til í lok vikunnar.

Í máli Maríu Erlu kom meðal annars fram að undirliggjandi markmið í þessari endurskoðuðu áætlun, væri meðal annars skýrari aðgreining milli stefnu og aðgerða. Horft sé til draga að nýjum markmiðum um sjálfbæra þróun. Í drögunum séu tölur um hlutfall af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu byggðar á hagspá frá nóvember 2014. Samkvæmt drögunum sé stefnt að því að ná núverandi meðaltali DAC árið 2019, þ.e. 0,3%. Áhersla sé á að bæta í varðandi kjarnaframlög, sem séu lág. Sama eigi við um mannúðaraðstoð.

Ráðið, ásamt starfsmönnum utanríkisráðuneytis og ÞSSI, ræddi drögin ítarlega. Almenn þótti ráðsmönnum drögin vel unnin. Ábendingar og athugasemdir bárust meðal annars um að samstarfi við háskólasamfélagið mætti lyfta þar betur upp; ræða hugtakanotkun tengda næringarmálum; að spurningarmerki mætti setja við stuðning við jarðhitauppbyggingu í Úkraínu; að gott væri að fá í hendur greiningu á möguleikum einkageirans á þátttöku í þróunarsamvinnu vegna umfjöllunar um slíkt í drögunum; að slakt sé að markmiði um 0,7% þjóðartekna til þróunarsamvinnu hafi verið skipt út fyrir 0,3% markmið um framlög árið 2019; að miklu skipti að bæði stefnunni og aðgerðum á grundvelli hennar verði miðlað til almennings; að óæskilegt væri að lækka hlutfall framlaga til borgarasamtaka úr 8% í 6%; og

að æskilegt væri að milda kröfur um 30% mótframlag félagasamtaka við verkefnastyrki.

Lagt var til að Samstarfsráðið lýsti stuðningi við drög þessi en með fyrirvara um að einstökum ráðsmönnum gæfist færi á að gera athugasemdir innan gefins frests. Þessi tilhögun var samþykkt í ráðinu. Nokkrar athugasemdir og tillögur bárust svo að fundinum loknum og var tekið tillit til þeirra við endanlegan frágang málsins.

Í lok fundar var farið yfir stöðuna á frumvarpi utanríkisráðherra um breytingar á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Þá var skýrt frá því að í haust, 2015, muni utanríkisráðherra leggja fram skýrslu sína til Alþingis, um árangur í þróunarsamvinnu árin 2013 og 2014. Loks var minnt á að árið 2015 sé stórt ár á alþjóðavettvangi í þróunarmálum: Á vettvangi SP væri verið að semja um ný markmið um sjálfbæra þróun, sem taka munu við af Þúsaldarmarkmiðunum á næsta ári. Annað stórt samningaferli um fjármögnun þróunarmála væri í gangi samhliða því og muni ljúka með þriðju alþjóðlegu ráðstefnunni um fjármögnun þróunarmála í Addis Ababa í Eþíópíu í júlí. Þriðja ferlinu ljúki með mikilvægum fundi Loftslagssamnings SP í París í desember, þar sem ganga eigi frá nýju samkomulagi í loftslagsmálum en á þeim málum sé sterkur þróunarsamvinnuvinkill.

Með kveðju,

Þorsteinn Ingólfsson  
Formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit. Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu.